



KYNNING

Helga Magnúsdóttir

Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu

Helga Magnúsdóttir heiti ég og gef kost á mér í embætti ritara Sjálfsbjargar lsh.

Ég er almannatengill hjá Sendiráði Bandaríkjanna og hefur starfað þar í 19 ár. Þar sinnir ég verkefnastjórnun, sé um styrkjaþrógramm sendiráðsins, skiptiprógrömm, ræðuskrif og skýrslugerð. Einnig hef ég sinnt samfélagsmiðlum, ljósmyndun og myndbandsupptökum, vefsíðugerð og vefsíðuviðhaldi hjá sendiráðinu. Ég starfa einnig í sunnudagaskóla Hafnarfjarðarkirkju. Ég hef verið hreyfihömluð frá fæðingu, en ég fór úr mjaðmaliðum þegar ég fæddist, það uppgötvaðist ekki fyrr en ég var að verða ársögömul. Eftir tugi aðgerða sem sumar tókust ekki, bættist við taugaskaði og fleiri flækjur. Í dag nota ég staf að staðaldri en styðst einnig við hjólastól og fleiri hjálpartæki. Ég er 49 ára, gift Bergi Þorra Benjamínssyni sem er fyrrum formaður Sjálfsbjargar lsh. Ég á 27 ára tvíbura auk þess að vera stjúp móðir 19 ára tvíbura. Ég er menntuð sem óperusöngkona, spila á píanó og smá á gítar líka. Ég hef verið kórstjóri í barna- og fullorðins kórum, auk þess að hafa starfað sem tónmenntakennari. Ég er ritari í stjórn Kvenfélagasambands Íslands, formaður Félags kvenna í Kópavogi, varaformaður stjórnar KFUM og K í Vindáshlíð, formaður Starfsmannafélags Sendiráðs Bandaríkjanna, auk þess að vera virk í öðru félagsstarfi.